



Borgarráð

Starfshópur um lýðheilsu og heilsuborgina Reykjavík

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um lýðheilsu og heilsuborgina Reykjavík eru lögð fram til kynningar. Skipan starfshóps um lýðheilsu og heilsuborgina Reykjavík er ein af aðgerðum lýðheilsustefnu Reykjavíkur sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 5. október 2021. Hópurinn er undirhópur stýrihóps um lýðheilsu í Reykjavík sem ber ábyrgð á þátttöku borgarinnar í heilsuborgarsamtökum Evrópu og yfirumsjón með verkefnum tengdum heilsuborginni. Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirsýn yfir heilsueflingar og forvarnarstarf í Reykjavík, verkefni og aðgerðir lýðheilsustefnu Reykjavíkur, Heilsueflandi samfélags og verkefni skv. aðild borgarinnar að Heilsuborgarsamtökum Evrópu auk þess að styrkja tengslanet þeirra sem að þessum verkefnum koma.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps um lýðheilsu og heilsuborgina Reykjavík, drög.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um lýðheilsu og heilsborgina Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Skipan starfshóps um lýðheilsu og heilsborgina Reykjavík er ein af aðgerðum lýðheilsustefnu Reykjavíkur sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 5. október 2021. Hópurinn er undirhópur stýrihóps um lýðheilsu í Reykjavík sem ber ábyrgð á þátttöku borgarinnar í heilsborgarsamtökum Evrópu og yfirumsjón með verkefnum tengdum heilsborginni.

Hlutverk starfshópsins:

Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirsýn yfir heilsueflingar og forvarnarstarf í Reykjavík, verkefni og aðgerðir lýðheilsustefnu Reykjavíkur, Heilsueflandi samfélags og verkefni skv. aðild borgarinnar að Heilsborgarsamtökum Evrópu auk þess að styrkja tengslanet þeirra sem að þessum verkefnum koma.

Helstu verkefni:

- Að styðja við innleiðingu lýðheilsustefnu Reykjavíkur og eftir atvikum aðkoma að einstökum aðgerðum
- Að hafa yfirsýn og samráð um heilsueflingarstarf í Reykjavík og samstarf um innleiðingu gátlista Heilsueflandi samfélags
- Miðlun upplýsinga innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar um mál tengd lýðheilsu
- Að hafa yfirsýn yfir rannsóknir og mælingar í málaflokknum auk þess að hafa aðkomu að þróun og árlegri útgáfu lýðheilsuvísa fyrir Reykjavík
- Aðkoma að endurskoðun aðgerðaáætlunar lýðheilsustefnu
- Að vera ráðgefandi fyrir svið og skrifstofur borgarinnar í málefnum á sviði lýðheilsu og samstarf við viðeigandi fagsvið um heilsueflingu og forvarnir, þ.m.t. við:
 - Mannauðs- og starfsumhverfissvið um verkefnið Heilsueflandi vinnustaðir
 - Skóla- og frístundasvið um Heilsueflandi leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar
 - Velferðarsvið um heilsueflingu aldraðra og aldursvæna Reykjavík
 - Umhverfis- og skipulagssvið um lýðheilsugátlista í hverfisskipulagi

Starfshópin skipa:

Verkefnisstjóri lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður).

Verkefnastjórar heilsueflandi hverfa á velferðarsviði.

Fulltrúi skrifstofu velferðarsviðs.

Tveir fulltrúar skóla- og frístundasviðs.

Fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs, íþróttá- og tómstundasviðs, menningar- og ferðamálasviðs, mannaúðs- og starfsumhverfissviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verði boðaðir á fundi hópsins eftir þörfum.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Hópurinn hefur samráð og samstarf við Embætti landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fulltrúa lýðheilsborgarsamtaka Evrópu eftir þörfum. Hópurinn hefur jafnframt samstarf við stýrihóp um lýðheilsu í Reykjavík og skilar stýrihópnum stöðuskýrslum, a.m.k. árlega, um framgang við innleiðingu lýðheilsustefnunnar og aðgerðaáætlunar hennar, þ.m.t. þátttöku í heilsborgarsamtökum Evrópu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn er skipaður til ársloka 2024 og verður skipan hans og samsetning endurskoðuð.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson